

það er í þessu tilliti þýðingarlaust, hver sjúkdómur hefur að henni gengið —, og með því að jeg eptir kringumstæðunum ekki finn ástæðu til, að færa reikning- 51
inn yfir sjúkdómslegukostnaðinn niður, þá staðfestist hjer með hinn áfrýjaði amts- 25. marz
úrskurður í öllum greinum, og ber að sjá um, að hreppsnefndin í Holtshreppi
greiði hreppsnefndinni í Húsavíkurbreppi hinar umræddu 88 kr. 49 aura.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í Norðuramtinu og Austuramtinu um 52
hlunnindi handa sparisjóði. — (ágrip). Með brjefi þessu eru sparisjóði Svarfdælinga 26. marz
endurveitt hlunnindi þau, sem um ræðir í tilsk. 5. jan. 1874 (sbr. landsh.brjef
26. febr. 1890) um 5 ára tímabil frá 31. jan. 1895 að telja, með venjulegum skil-
yrðum.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í Suduramtinu og Vesturamtinu um breyting á 53
mantalsþinghám. — Út af beiðni þeirri, er ræðir um í þóknanlegu brjefi yðar, 10. apríl
herra amtmaður, dags. 26. f. m., frá hreppsnefndunum í Rosmhvalanes- og Mið-
neshreppum, um að hinn sameiginlegi þingstaður hreppanna á Skaga verðilagð-
ur niður, og hinn fyrnefndi hreppur hafi framvegis þingstað á Gerðum í Gardi,
en hinn síðarnefndi á Busthúsum, læt eg ekki hjá líða að tilkynna yður til þókn-
anlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að hið umbeðna leyfi veitist með því
skilyrði, að hreppsnefndirnar skuldbindi sig til að sjá um, að jafnan sjeu til sæmi-
leg hús til þinghaldanna á hinum nýju þingstöðum.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um lausa- 54
mennskuleyfi. — Í þóknanlegu brjefi dags. 1. þ. m., hafið þjer, herra sýslu- 18. apríl
maður, skýrt frá því, að vinnumaður einn á Akranesi hafi beðið yður um lausa-
mennskuleyfisbrjef, en ætli sjer ekki að nota leyfið í lögsagnarumdæmi yðar,
heldur sje ásetningur hans að setjast að sem lausamaður í Reykjavík á næst-
komandi vinnuhjúaskildaga. Með því að leyfisbrjefið á að vera tekið fyrir 1.
maí samkvæmt lögum 2. febr. f. á. og gjaldið fyrir það á að renna í styrktar-
sjóð á Akranesi, teljið þjer næst liggja, að þjer gefið út brjefið. En hins vegar
virðist yður álitamál, hvort hlutaðeigandi verði ekki samkvæmt 7. gr. í tilsk.
um lausamenn og húsmenn 26. maí 1863 að leysa nýtt brjef í Reykjavík, og
yrði þá niðurstaðan sú, að leyfisbrjef það, er þjer hefðuð útgefið, og sem leysti
manninn frá vistarskyldunni frá næstkomandi vinnuhjúaskildaga, hefði aldrei
neitt gildi, enda þyrfti maðurinn þá að greiða 2 krónum meira fyrir að geta byrj-
að lausamennsku er lögin gjöra ráð fyrir. Út af þessu hafið þjer beiðst úr-
lausnar á þeirri spurningu, hvort maður, sem fengið hefir lausamennskuleyfis-
brjef og flytur sig á næsta vinnuhjúaskildaga út úr lögsagnarumdæminu, er hann
hefur fengið leyfisbrjefið í, sje skyldur til þess að taka nýtt leyfisbrjef í því um-
dæmi, sem hann flytur sig inn í.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar
leiðbeiningar, að það er álit mitt, að ákvæði 7. greinar í tilsk. 26. maí 1863:
»Nú flytur nokkur, er fengið hefur leyfisbrjef, sig í annað lögsagnarumdæmi, og